

Lagt fyrir fund skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings 26. maí 2021
Ábyrgð: forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings
Málsnr.: xxxxxxxx

Greinargerð með tillögu að:

Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Samantekt:

Undirbúningur að gerð reglna Árnesþings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra hefur staðið yfir á vormánuðum. Aðdraganda má rekja til skýrslu í framhaldi af úttekt gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar á þjónustu við fatlað fólk hjá Hveragerðisbæ þar sem settar voru fram ábendingar um umbætur í þjónustu við fatlað fólk. Ákveðið var að láta umbætur í þjónustu ná til almennrar velferðarþjónustu Árnesþings og var m.a. ákveðið að ráðast í gerð reglna um stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur sem ná til þjónustu í málefnum fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, stuðningsþjónustu á grunni barnaverndar og félagsþjónustu. Er samþætting á regluverkinu í samræmi við áherslur félags- og barnamálaráðherra um samþætta þjónustu til handa börnum og fjölskyldum. Byggt er á reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur sem tóku gildi 1. mars 2020.

Ekki er áætlaður sérstakur kostnaðarauki vegna reglnanna.

Greinargerð:

Í drögum að reglum um stuðningsþjónustu er að finna ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu s.s. að umsókn skuli undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað, að gerð skuli stuðningsáætlun/þjónustuáætlun/áætlun um meðferð máls, kveðið er á um samvinnu samráð, ráðgjöf og upplýsingagjöf til notenda auk frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk.

Fylgiskjöl með reglunum innihalda samræmt mat á stuðningsþörfum. Jafnframt kemur fram að vinna skuli í samstarfi við foreldra og börn við að greina þarfir og forgangsraða út frá þeirra sjónarhorni.

Lagagrundvöllur:

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt ákvæðum VII. og VIII. kafla um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Í VII. kafla er fjallað um stuðningsþjónustu sem áður kallaðist félagsleg heimaþjónusta. Í breytingum sem gerðar voru voru á lögnum á síðasta ári fólst m.a. það að aðstoð skuli einnig veitt utan heimilis en ekki eingöngu inn á heimilinu eins og áður. Þá er sett það almenna viðmið að þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu skuli nema allt að 15 klukkustundum á viku en ef um aukna þjónustu er að ræða skuli fara með þjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um málefni barna og ungmenna og kemur þar m.a. fram að félagsmálanefndum er skylt að gæta velferðar og hagsmuna barna og ungmenna í hvívetna og sjá til þess að þau fái notið hollra og þroskavænlegra uppeldisskilyrða.

Þá er byggt á ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Í 8. gr laganna er fjallað um stoðþjónustu (áður nefnd stuðningsþjónusta) og þær þarfir sem hún skal miða við. Um er að ræða þá þjónustu sem fötluðu fólki er nauðsynleg til þátttöku í samfélaginu, þannig að þau standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Þá er byggt á ákvæðum IV. kafla laganna sem fjallar um þjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra sbr. þá þjónustupætti sem tilgreindir eru í 4. gr. reglnanna.

Að lokum er byggt á ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 en í 24. gr. er fjallað um úrræði með samþykki foreldra og í 85. gr. er fjallað um stuðningsfjölskyldur.

Efni reglnanna

Í drögnum að reglum er fjallað um þann stuðning sem veittur er foreldrum eða forsjáraðilum barna svo að þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig er þar fjallað um þjónustu fyrir þau börn þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga og/eða félagslegra aðstæðna

með það markmiði að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar. Stuðningur er veittur bæði innan heimilis og utan. Um er að ræða eftirfarandi þjónustupætti.

- Foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf
- Námskeið
- Einstaklingsstarf fyrir 6-18 börn
- Stuðningsfjölskyldur fyrir 0-18 ára börn
- Skammtímadvalir fyrir fötluð börn og/eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára
- Heimili fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára

Umsækjandi um stuðning þarf að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt mati á þjónustupörf. Við matið er m.a. horft til eftirfarandi atriði til að fá heildarmynd af stuðningsþörfum barn og fjölskyldu sbr. ákvæði 4.gr. reglugerðar nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu

- Færni, getu og styrkleika
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á þjónustu hafi fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær.

Lögð er áhersla á að vinna við matið og val á stuðningi fari fram í samvinnu við umsækjanda og taki mið af þörfum fjölskyldunnar. Við matið er horft til heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulags dagslegt lífs með það markmiði að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu möguleika lausna hverju sinni. Gerð er sérstök áætlun eftir aðstæðum í hvert sinn og skal samþykkja stuðning í fyrsta sinn til þriggja mánaða og meta fyrirkomulagið að þeim tíma loknum. Meta skal árangur af stuðningi eigi sjaldnar en á 12 mánað fresti og í kjölfar þess skuli gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið. Þegar breytingar verða á högum og aðstæðum skal endurmeta stuðningsþörf og ef hún viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur ber að endurnýja áætlun á tveggja ári fresti.

Samþykktar umsóknir raðast í forgangsröð. Ef fyrirsjáanlegt er að stuðningur geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsóknin sett á biðlista. Slíkt ákvæði er í samræmi við reglugerð um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðlista eftir þjónustu.

Um málsmeðferð skv. reglunum gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Meðal annars er kveðið á um að kanna skuli aðstæður umsækjanda eins sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst, bjóða skal ráðgjöf til umsækjanda og leitast skal við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku. Þá er tilgreint að gæta skuli sérstaklega að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk. Kynna skal niðurstöðu með skriflegum hætti og upplýsa umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings fjalli um umsóknina. Þá hefur skólaþjónustu- og velferðarnefnd heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum. Ákvörðun skólaþjónustu- og velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda bréflaga og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sett er fram bráðabirgðaákvæði um að umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna haldi gildi sínu í allt að 12 mánuði eftir gildistöku þessara reglna. Á þeim fátma fari fram eftir atvikum endurskoðun á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðninginn.

Gerð er tillaga um að reglur þessar taki gildi 1. september 2021.

Fylgikjöl:

- I Drög að reglum Árneshings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra
- II Umsóknareyðublað vegna stuðningsþjónustu